

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 6. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ. Breytingin tekur til lóða nr. 1, 2 og 3 við Oddeyrarbót og felst í því að skilmálum er breytt á þann veg að á lóðunum er heimilt að reisa tveggja hæða byggingar með frjálsum þakformi í stað einnar hæðar byggingar með flötu þaki áður. Hámarksbyggingarmagn á hverri lóð verður 300 m<sup>2</sup> í stað 200 m<sup>2</sup> áður og samhliða hækkar nýtingarhlutfall þeirra.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41.-43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 3. nóvember 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 3. nóvember 2023